



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Hugvísindasvið

**Kapítalismi og frelsi  
á tímum stýringar, lífvalds og Veldis**

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Hrönn Guðmundsdóttir**

**Maí 2011**

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Heimspeki

# **Kapítalismi og frelsi á tímum stýringar, lífvalds og Veldis**

Ritgerð til B.A.-prófs

Hrönn Guðmundsdóttir

Kt.: 140185-3459

Leiðbeinandi: Björn Þorsteinsson

Maí 2011



Þessi ritgerð fjallar um framgang nýs valdmiðs í eftirnúttímanum, breytta framleiðsluhætti kapítalismans og frelsunarmöguleika í nýrri samfélagsgerð. Rýnt verður í ritgerð franska heimspekingsins Gilles Deleuze, „Eftirmála um stýringarsamfélög“, sem birtist fyrst á prenti árið 1990. Gerð verður grein fyrir hugmyndum Deleuze um ögunarsamfélagið, ögunarstofnanir þess og hrun þeirra. Útskýrt verður hvernig Deleuze tengir framgang stýringarsamfélagsins við tæknivæðingu og umbreytingar á kapítalísmannum, og hvernig ný manngerð, *staklingurinn*, verður til undir hinu nýja valdmiði.

Hugmynd franska heimspekingsins Michels Foucault um lífvald verður svo greind og sett í samhengi við greinargerð Deleuze um stýringarsamfélagið. Síðan verður litið til samfélagsrýnanna Antonios Negri og Michaels Hardt og bókarinnar *Empire* sem þeir skrifuðu í sameiningu og kom út árið 2000, en þeir byggja hugmyndir sínar í bókinni á greiningu Deleuze á stýringarsamfélaginu og lífvaldshugmynd Foucaults. Í *Empire*, eða *Veldinu*, útfæra Hardt og Negri hugmynd sína um framgang nýrrar hnattrænnar formgerðar yfirráða samhliða tilkomu heimsmarkaðar og sífellt hraðari hnattvæðingar. Útskýrt verður hvernig Hardt og Negri tengja framgang nýju heimsskipanarinnar, Veldisins, við nýja gerð yfirþjóðlegs fullveldis og breytta framleiðsluhætti kapítalismans, rétt eins og Deleuze gerði. Gerð verður grein fyrir helstu einkennum og eiginleikum Veldisins, svo sem afmiðjun og markaleysi valds og afsvæðandi áhrifum þess á allan efnahagslegan og félagslegan veruleika, en einnig verður litið til afdrifa einstaklingsins og sjálfræðis hans undir hinu nýja valdmiði. Að lokum verður sjónum beint að þeim frelsunarmöguleikum sem Hardt og Negri álíta að fyrirfinnist í Veldinu og að þeim vopnum sem mannfjöldinn getur beitt til að komast út úr Veldinu og byggja annan valkost á hnattrænni skipan, gagn-Veldi.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>1. Frá ögun til stýringar</b> .....	<b>5</b>
<b>2. Lífvald og lífpólítískt samhengi hins nýja valdmiðs</b> .....	<b>9</b>
2.1 Þegar valdið tekur yfir lífið sjálft .....	9
2.2 Líkaminn í lífpólítísku samhengi .....	10
2.3 „Úr eigin brjósti“ .....	11
<b>3. Veldið – hið nýja skrímsli</b> .....	<b>14</b>
3.1 Framgangur Veldisins .....	14
3.2 Ný gerð fullveldis og afsvæðing valdsins .....	16
3.3 Íhlutun og yfirráð .....	18
3.4 Breyttir framleiðsluhættir .....	19
<b>4. Ásjónur hins lífpólítíska valdmiðs</b> .....	<b>22</b>
4.1 Óefnisleg vinna, afmiðjun og afsvæðing .....	22
4.2 Ekkert fær umflúið peningana .....	24
4.3 Hlutskipti sjálfsverunnar .....	26
<b>5. Mergðin gegn Veldinu</b> .....	<b>29</b>
5.1 Valdavél í kreppu .....	29
5.2. Mergðin – nýr veruleiki .....	30
5.3 Baráttan um lífið .....	32
<b>6. Lokaorð</b> .....	<b>34</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>36</b>

## Inngangur

Á hverjum tíma ríkja átök á milli þess sem kúgar fólk og frelsar, skrifaði franskur heimspekingurinn Gilles Deleuze í ritgerð sinni „Eftirmáli um stýringarsamfélög“.<sup>1</sup> Ef til vill liggur þetta í augum uppi, þar sem frelsi getur aldrei verið algjört en byggist alltaf á samspili þeirra afla sem setja fólki mörk og leysa það undan hlekkjum. Átökin sjálf og innihald þeirra getur hins vegar tekið stakkaskiptum enda er vald ekkert eitt og ákveðið heldur flókið fyrirbæri með óteljandi ásýðingum. Þetta fjölpætta eðli valds og áhrif þess á einstaklinga og samfélag var efni ritgerðar Deleuze, og það er einnig efnið sem hér verður tekið til skoðunar.

Umrædd ritgerð Deleuze verður tekin til umfjöllunar í fyrsta kafla hér á eftir og gerð verður grein fyrir hugmyndum hans um framgang nýrrar samfélagsgerðar og nýrrar tegundar valds sem byggist á stýringu í stað ögunar. Greiningu Deleuze á samfélagi ögunar og breytingunum sem fylgja framgangi stýringarsamfélagsins verða gerð skil sem og hrúni stofnananna – innilokunarstaðanna, eins og Deleuze nefndi þær – sem áður voru farvegur valdbeitingar. Útskýrt verður hvernig Deleuze tengir framgang stýringarsamfélagsins við tæknivæðingu og umbreytingar á kapítalismannum, og hvernig ný manngerð, *staklingurinn*, verður til undir hinu nýja valdmiði. Þrátt fyrir að Deleuze telji að nýja valdmiðið sé margslungnara og fjölpreifnara en það fyrra og að framgangi stýringarsamfélagsins fylgi ný höft og kúgun, telur hann þó enga ástæðu til uppgjafar.

Því næst verður hugmynd franska heimspekingsins Michels Foucault um lífvald greind og sett í samhengi við greinargerð Deleuze um stýringarsamfélagið. Samkvæmt Foucault er viðfang valds nú í auknum mæli lífið sjálft og *hvernig því er lífað*, en ekki hvort, og valdið nær að hans sögn tókum á öllum sviðum mannlegrar tilvistar. Síðan verður litið til samfélagsrýnanna Antonios Negri og Michaels Hardt og bókarinnar *Empire* sem þeir skrifuðu í sameiningu og kom út árið 2000, en þeir byggja hugmyndir sínar í bókinni á greiningu Deleuze á stýringarsamfélaginu og lífvaldshugmynd Foucaults. Í *Empire*, eða *Veldinu*, útfæra Hardt og Negri hugmynd sína um framgang nýrrar hnattrænnar formgerðar yfirráða samhliða tilkomu heimsmarkaðar og sífelld hraðari hnattvæðingar. Útskýrt verður hvernig Hardt og Negri tengja framgang nýju heimsskipanarinnar, Veldisins, við nýja gerð yfirþjóðlegs fullveldis og breytta framleiðsluhætti kapítalismans, rétt eins og Deleuze. Gerð verður grein fyrir helstu einkennum og eiginleikum Veldisins, svo sem afmiðjun og markaleysi valds og

---

<sup>1</sup> Ritgerðin birtist fyrst á prenti í Frakklandi árið 1990 í tímaritinu *L'Autre Journal*.

afsvæðandi áhrifum þess á allan efnahagslegan og félagslegan veruleika, en einnig verður litið til afdrifa einstaklingsins og sjálfræðis hans undir hinu nýja valdmiði. Að lokum verður sjónum beint að þeim frelsunarmöguleikum sem Hardt og Negri álíta að fyrirfinnist í Veldinu og þeim vopnum sem mannfjöldinn getur beitt til að komast út úr Veldinu og byggja annan valkost á hnattrænni skipan, gagn-Veldi.

## 1. Frá ögun til stýringar

„Við erum stödd í miðju allsherjarhruni allra innilokunarstaða“<sup>2</sup>, segir Gilles Deleuze í „Eftirmála um stýringarsamfélög“. Við stöndum frammi fyrir einhverju nýju, við lifum á tímum samfélagslegra breytinga sem hafa áhrif á alla okkar tilveru. Á hverjum tíma ber þjóðfélagið einkenni einhvers konar valdakerfis sem skilgreinir félags- og efnahagslegan veruleika og drottnar yfir stofnunum og hreyfingum samfélagsins. Einvaldsfyrirkomulag evrópskra miðalda var slíkt kerfi en við af því tók ögunarsamfélagið, sem teygði sig inn á tuttugustu öldina. Það þjóðfélagsform hefur nú runnið sitt skeið á enda og nýtt kerfi er á næsta leiti – nýtt skrímsli, eins og Foucault orðar það. Hið nýja skrímsli nefnir Deleuze stýringarsamfélag.<sup>3</sup>

Á tímum ögunarsamfélagsins var lífi okkar skipt á milli skýrt afmarkaðra eininga sem Deleuze nefnir innilokunarstaði; skólans, verksmiðjunnar, fjölskyldunnar, fangelsisins. Þessir innilokunarstaðir eru eins og tilbúin mót eða snið utan um tilveru einstaklingsins og hver þeirra afmarkar greinilega tiltekið æviskeið eða dagstund í lífi fólks. Sí og æ er farið á milli innilokunarstaðanna og alls staðar er einstaklingnum ætlað að byrja upp á nýtt; ljúka skólagöngu, ljúka herþjálfun, klára vinnudaginn í verksmiðjunni, en verksmiðjan er einmitt eitt skýrasta dæmið um virkni innilokunarstaðanna og eðli ögunarsamfélagsins, að mati Deleuze. Innan hennar var tími fólks vel skipulagður og hólfður niður, allt gekk eins og smurð vél og jafnvægi ríkti á milli innri krafta, það er hámarksframleiðsla og lágmarkslauna. Í krafti heildarinnar mynduðu einstaklingarnir sem störfuðu innan verksmiðjunnar þannig framleiðsluafli sem var stærra en summa einstakra krafta, til hagsbóta fyrir bæði stjórnendur og starfsfólk. Ögun kerfisins innan verksmiðjunnar var skýr, ekkert á reiki.<sup>4</sup> Innilokunarstaðirnir voru hliðstæðar en ólíkar einingar sem eignarhaldið tengdi saman, hvort sem um var að ræða ríki eða einkaeiganda.<sup>5</sup>

Ögunarsamfélagið var tvískautakerfi en skautin tvö voru annars vegar einstaklingurinn og hins vegar fjöldinn, heildin. Valdið sem fólst í öguninni mótaði einstaklinginn og stöðu hans innan fjöldans, til dæmis hlutverk hans í gangvirki verksmiðjunnar þar sem hver sinnti afmörkuðu verki sem þó var ómissandi til að heildin héldi fullri virkni.<sup>6</sup>

---

<sup>2</sup> Gilles Deleuze 2002:157

<sup>3</sup> Sjá sama rit, 158

<sup>4</sup> Sjá sama rit, 157-158

<sup>5</sup> Sjá sama rit, 161

<sup>6</sup> Sjá sama rit, 159



Hið nýja vald sem tekur við af öguninni, stýringin, virkar öðruvísi á gangvirki samfélagsins og þess vegna eru innilokunarstaðirnir – grunnmót ögunarinnar – að hrynja til grunna, leysast upp. Ögunin afmarkaðist við innilokunarstaðina en stýringin er takmarkalaus og alltumlykjandi. Hún hefur að sjálfsögðu ýmis form en þau eru óstöðug og síbreytileg og þannig er aldrei neinu lokið í stýringarsamfélaginu og ekkert fast í hendi. Menntun, sem áður tilheyrði afmörkuðu æviskeiði manneskjunnar, verður að símenntun og símati; launagreiðslur til starfsmanna í fyrirtækjum eru sömuleiðis háðar sífelldu endurmati, stöðugri samkeppni og árangri; fjölskyldur eru ekki einu sinni lokuð kerfi lengur, þær leysast upp og breytast líkt og annað. Í stýringarsamfélaginu hafa skautin tvö, fjöldi og einstaklingur, einnig leyst upp og varla hægt að tala lengur hvorki um einstaklinga né fjölda. Einstaklingurinn verður að *staklingi*, segir Deleuze; fjöldinn að sýnishornum og upplýsingalistum. Ögunarsamfélaginu var stýrt með tilskipunum, stýringin beindist að líkómum einstaklinganna og undirskrift hvers og eins vísaði til stöðu hans innan heildarinnar. Staklingurinn er hins vegar ný manngerð stýringarsamfélagsins, eins konar „staklings“-efni sem stýrt er með kóðuðum aðgangsorðum og rafrænum kortum, til dæmis greiðslukortum, kennitölum, PIN-númerum og svo framvegis, sem koma stöðugt upp um hvar fólk er og hvað það er að gera. Þannig getur tölvukerfið annast alltæka stillingu á staklingunum.<sup>7</sup>

Fyrirtæki taka við af verksmiðjunum og þau eru „andi, lofttegund“<sup>8</sup>, hálfstöðug form, rekin í krafti samkeppni og stöðugt að brotna upp og umbreytast.<sup>9</sup> Þeim fylgja áður óþekktar aðferðir við að fara með peninga, afurðir og fólk og í því birtist munurinn á verksmiðjum ögunarinnar og hinum loftkenndu fyrirtækjum. Fyrirtækjarekstur verður raunar allsráðandi á öllum sviðum mannlífsins þar sem fyrirtækin leysa smátt og smátt af hólmi alla gömlu innilokunarstaðina og þess vegna eru fangelsin, fjölskyldan og sjúkrahúsin í kreppu. Forsvarsmenn gamla kerfisins, til dæmis ráðherrar, leitast við að gera endurbætur á þessum stofnunum – bjóða, í ljósi nýrra tíma, upp á valkosti aðra en gömlu leiðirnar. Fangelsin brotna upp í ólíkar einingar sem henta eiga mismunandi afbrotamönnum, innan heilbrigðiskerfisins verða til mismunandi meðferðarheimili og valkostir fyrir sjúklingana, háskólar tapa sessi sínum sem menntastofnanir til fyrirtækja sem bjóða viðskiptavinum sínum upp á námskeið og símenntun. Allar þessar

---

<sup>7</sup> Sjá sama rit, 159, 161-162

<sup>8</sup> Sama rit, 158

<sup>9</sup> Sjá sama rit, 158

endurbætur eru tapað stríð við óhjákvæmilegar breytingar. Í raun þarf aðeins, segir Deleuze, að líkna þessum stofnunum í dauðateygjunum.

Deleuze telur peninga skýra einna best muninn á þjóðfélagsformum ögunar og stýringar. Á meðan ögunin ríkti var gengi tiltekinnar myntar tengt ákveðinni upphæð gulls en í stýringarsamfélaginu er gengi peninga fljótandi og stillist af með tilliti til annarra gjaldmiðla. Þessi þróun í peningamálum hófst árið 1971, þegar Bandaríkin afnámu tengingu Bandaríkjadals við gull.<sup>10</sup> Gullstangir í geymsluhólfi eru áþreifanlegt viðmið en fljótandi gengi er óstöðugur og opnara mót. Deleuze útskýrir einnig að finna megi samsvörun á milli ríkjandi þjóðfélagsforms og þeirra véla og tækni sem notast er við hverju sinni. Með fjölpættara og margslungnara þjóðfélagsformi verða vélar og tækni flóknari; einveldissamfélagið réði yfir klukkum og einföldum vélum, á tímum ögunarsamfélagsins hóf iðnbyltingin innreið sína og þá tóku varmaafsvélar við og færíbönd í anda fordískra framleiðsluhátta en í stýringarsamfélaginu hafa tölvurnar og upplýsingatæknin rutt sér til rúms með alla sína fjölbreyttu virkni og óendanlegu möguleika.<sup>11</sup>

Tækniþróunin, útskýrir Deleuze, hefur haldist í hendur við umbreytingar á kapítálistanum. Á sama hátt og verksmiðjurnar voru einfaldari einingar en fyrirtæki nútímans hefur kapítálistinn skotið vaxtarsprotum sínum í allar áttir og breyst að eðli og umfangi. Á tímum ögunarsamfélagsins beindust kraftar kapítálistans í einn farveg þar sem aðaláherslan var á framleiðslu og eignir og tilgangur verksmiðjanna var að framleiða fullunnar vörur úr hráefni, en kapítálisti stýringarsamfélagsins beinist hins vegar að *yfirframleiðslu* og vinnur ekki lengur með hráefni og fullunnar vörur, heldur þjónustu og athafnir. Þjónusta og athafnir verða þannig afurðin sem nýi kapítálistinn leitast við að selja á markaði. Þessi breyting á kapítálistanum veldur tvístruninni og kreppunni sem Deleuze telur innilokunarstaðina standa frammi fyrir, og tvístrunin raungerist í því hvernig fyrirtækin virka og starfa. „Okkur er sagt að fyrirtækin hafi sál og er örugglega ekki hægt að ímynda sér hræðilegri tíðindi.“<sup>12</sup> Þessi sál fyrirtækisins er söludeildin, þar sem markaðssetningin sem nú er orðin stýringartæki samfélagsins á stjórnstöð sína.<sup>13</sup>

Umbreytingin á kapítálistanum breytir þó ekki því að innan hvers drottunarkerfis, jafnt ögunar sem stýringar, ríkja átök á milli þess sem kúgar okkur og

---

<sup>10</sup> Sjá Hardt og Negri 2000:266

<sup>11</sup> Sjá Deleuze 2002:160

<sup>12</sup> Sama rit, 161

<sup>13</sup> Sjá sama rit, 160-161

þess sem frelsar. Stýringin kúgar okkur vissulega en á annan hátt en ögunin, og það frelsi sem býðst liggur einnig annars staðar. Deleuze nefnir sem dæmi um þetta að með niðurbroti innilokunarstaðanna býðst fólki ákveðið frelsi, sem innan sjúkrahúsanna birtist meðal annars í meðferðarkostum á borð við sálgæslu og heimahjúkrun.<sup>14</sup> Þótt stýringin sé eðlisólík öguninni erum við því enn í raun sett undir drottnara sem mótar samfélagið, og ekki bara efnahagskerfið heldur alla okkar lifnaðarhætti og tengsl manna á milli. Ef til vill er maðurinn ekki lengur innilokaður í fjölskyldunni, skólanum og verksmiðjunni en hann er aftur á móti skuldum vafinn og klær hins nýja kapítalisma halda enn stórum hluta mannkyns í greipum örbirgðar. Upplausn gömlu innilokunarstaðanna hefur því ekki bara losað okkur undan höftum ögunar og leyst upp bæði ápreifanleg og óápreifanleg landamæri, heldur fært okkur nýja hlekki til að berjast um í.<sup>15</sup>

Stofnanirnar sem skilyrtu lífið eru að hruni komnar, nýja skrímlið nálgast – og það er mun margslungnara og fjölþreifnara en það gamla. Andóf gagnvart valdinu er þó ennþá mögulegt ef við áttum okkur á því hver það er sem í raun græðir á stýringu hinnar kapítalísku markaðssetningar. Verkalýðshreyfing ögunarsamfélagsins var andóf fólks þess tíma og ef til vill geta verkalýðsfélögin áfram gegnt svipuðu hlutverki.<sup>16</sup> Deleuze telur þess vegna enga ástæðu til uppgjafar, enga ástæðu til að kyngja markaðsstýringunni þegjandi og hljóðalaust. „Við ættum ekki að lifa milli vonar og ótta heldur leita nýrra vopna.“<sup>17</sup>

---

<sup>14</sup> Sjá sama rit, 158

<sup>15</sup> Sjá sama rit, 160-161

<sup>16</sup> Sjá sama rit, 162

<sup>17</sup> Sama rit, 158

## 2. Lífvald og lífpólítískt samhengi hins nýja valdmiðs

Eins og Deleuze sagði í „Eftirmálanum“ ríkja ávallt átök á milli þess sem frelsar fólk og kúgar en valdboð getur fundið sér nýjan farveg, nýjar leiðir til að fara með peninga, afurðir og menn. Samkvæmt Hardt og Negri er þessari nýju leið valdsins, sem varð til í ögunarsamfélaginu en skýtur sprotum sínum í allar áttir í stýringarsamfélaginu, best lýst með því að útskýra lífpólítískt eðli hins nýja valdmiðs. Deleuze minnst ekki á lífvald í „Eftirmálanum“ þótt það sé raunar undirliggjandi í greiningu hans á ástandi mannsins í stýringarsamfélaginu, en í *Veldinu* er það hugtak þungamiðja.

### 2.1 Þegar valdið tekur yfir lífið sjálft

Eins og áður segir er hugmyndin um lífvald fengin frá Foucault, en Hjörleifur Finnsson heimspekingur hefur gert þessu hugtaki skil í skrifum sínum. Samkvæmt þeirri greiningu varð rökvísi lífvaldsins til með umskiptum samfélagsins úr einveldisfyrirkomulagi í átt að ögunarsamfélagi. Það þróaðist því samhliða framgangi iðnvædds kapítalisma og markmið þess er ávallt að auka framleiðni og getu bæði einstaklinga og samfélags. Á einveldistímanum má segja að yfirvöld hafi haft dauðavald yfir fólki, þau höfðu rétt til að ákvarða hver lifði og hver dó og þannig gátu valdhafar sent menn út í opinn dauðann í stríði eða tekið þá af lífi án dóms og laga. Í stýringarsamfélaginu snýst vald hins vegar ekki lengur um vald *yfir* lífinu, heldur mun frekar um *hvernig* lífinu er lifað. Viðfang valdsins verður þannig *lífið sjálft*.<sup>18</sup>

Lífvaldið hefur tvær hliðar eða póla sem tengjast og virka saman: *ögun líkamans* og *skipulag þjóðarinnar, heildarinnar*. Ögun líkamans beinist að einstaklingnum, hún fer fram innan innilokunarstaðanna og felst í því að stjórna tíma fólks og rýminu sem það er bundið í. Innan verksmiðjunnar er þessi hluti lífvaldsins hvað skýrastur. Þar sinnir hver verkamaður ákveðnu hlutverki við færiband eða alltént á afmörkuðu svæði og sérhver mínúta, jafnvel hver hreyfing, er skipulögð og bundin af heildarvélinni. Verkamaðurinn er alltaf staddur þar sem hann á að vera og honum er haganlega komið fyrir í þeirri framleiðslueiningu sem verksmiðjan er – framleiðslugeta verksmiðjunnar í heild stendur og fellur með því að hver framleiðslueining sinni sínum hluta verksins. Innan verksmiðjunnar myndar valdið pýramída með verkamennina neðst, þá vaktstjóra eða verkstjóra og svo koll af kolli þar til komið er að forstjóra verksmiðjunnar efst í pýramídanum – þeir sem ofar sitja hafa eftirlit með undirmönnum sínum og sjá til þess

<sup>18</sup> Sjá Hjörleif Finnsson 2003:176 og Hjörleif Finnsson 2006:134

að framleiðslan gangi vel fyrir sig. Ögun líkamans á sér þó ekki aðeins stað innan augljóslega lokaðra rýma eins og verksmiðju og fjölskyldu, heldur á öllum sviðum samfélagsins.

Hin hlið lífvaldsins er skipuleggjandi stýring heildarinnar í gegnum lífpólítík. Lífpólítík er skráning og umsýsla tölfraðilegra upplýsinga um þjóðina eða heildina, svo sem upplýsinga um mannfjölda, fæðingar- og dánartíðni og alls kyns félagsfræðilegra, hagfræðilegra og heilsufarslegra upplýsinga. Hún helst því í hendur við framgang mann-, félags- og læknávísinda sem halda utan um mannfjöldatölur, fæðingar- og dánartíðni og greina tengsl menntunar og fjárhagsstöðu, svo fátt eitt sé nefnt. Þessar upplýsingar mynda gagnabanka sem staðsetja hvern einstakling innan heildarinnar og þær geta ríki eða aðrir valdhafar notað til að fylgjast með samfélagslegum tilhneigingum og til að mæta þeim með reglusetningu og eftirliti. Þannig eru sértækar aðgerðir yfirvalda, til dæmis aðgerðir sem miða að því að hjálpa tilteknum aldurshópi að fóta sig á vinnumarkaðnum eða heilsufarsherferðir, byggðar á tölfraði um það hvernig heildin hagar sér.<sup>19</sup>

## 2.2 Líkaminn í lífpólítísku samhengi

Eins og Hjörleifur Finnsson og fleiri hafa bent á,<sup>20</sup> eiga Íslendingar umdeilt fyrirtæki sem er tilvalið dæmi um virka lífpólítík, Íslenska erfðagreiningu (ÍE). ÍE er líftæknifyrirtæki sem skráir og heldur utan um upplýsingar um erfðaefni Íslendinga og rannsakar það með framgang læknávísindanna að markmiði. Frá upphafi voru allir Íslendingar sjálfkrafa þátttakendur í vísindarannsóknum ÍE, því að upplýsingar um fólk voru skráðar í gagnagrunn fyrirtækisins nema fólk segði sig úr honum að eigin frumkvæði. ÍE hefur verið tekið frekar vel meðal Íslendinga. Skýringin er líklega sú að talsmenn fyrirtækisins hafa frá byrjun verið duglegir við að flytja þjóðinni boðskap líftækninnar; hún geti auðveldað okkur baráttuna við ættgenga sjúkdóma, jafnvel sagt til um hvaða sjúkdóma eða kvilla fólk sé líklegt til að kljást við á lífsleiðinni og þannig megi með fyrirbyggjandi aðgerðum eða lyfjagjöf draga úr líkunum á því að þeir komi fram. Starfsemi ÍE kallar jafnvel fram spurningar um mögulegar mannkynbætur, því að í raun gæti líftæknin til dæmis gert fólk kleift að velja tiltekin líkamleg einkenni tilvonandi barna sinna, svo sem háralit og augnlit.<sup>21</sup> Valdið fer því að líta á líkamann og heilbrigði hans sem fjárhagslega hagkvæma einingu og gróðavon enda líklegt að fólk sé

<sup>19</sup> Sjá Hjörleif Finnsson 2003:176-177 og Hjörleif Finnsson 2006:134-135

<sup>20</sup> Sjá Hjörleif Finnsson 2003:191 (nmgr.)

<sup>21</sup> Sjá sama rit, 191-193

almennt tilbúið til að „fjárfesta í framtíðinni“ með því að tryggja sér langlífi og heilsu. Þetta er ein augljósasta birtingarmynd lífvalds, eins og Hjörleifur Finnsson bendir á, enda varla hægt að ímynda sér að vald yfir lífi geti gengið lengra en að úthluta fólki líkama.

Ögun líkamans er sú hlið lífvaldsins sem mest vægi hafði á meðan innilokunarstaðirnir gegndu enn hlutverki sínu sem skipulagseiningar samfélagsins, en rétt eins og Deleuze telja Hardt og Negri að þessar ögunarstofnanir séu í kreppu og að hruni komnar. Lífpólítíkin, segja þeir, var varla nema hálfkveðnar vísur á tímum ögunarsamfélagsins því að þrátt fyrir að einstaklingarnir hafi þá verið innilokaðir og bundnir inn í stofnanakerfið mistókst ögunarsamfélaginu „að sporðrenna þeim algjörlega inn í taktbundin slög framleiðslunnar, venjur hennar jafnt sem félagsmótun; það náði ekki því marki að síast algjörlega inn í meðvitund og líkama einstaklinganna.“<sup>22</sup> Einstaklingurinn upplifir ögun líkamans, vald ögunarstofnananna, nefnilega sem framandi vald, ytra valdboð. Samband hans við valdið er á nokkurn hátt stöðugt og samræmi á milli ögunarinnar og andspyrnu einstaklingsins við hana. Ögunarvaldið stjórnaði með reglum og tilskipunum og viðmiðum um ásættanlega hegðun og breytni, en í því umhverfi er einstaklingurinn meðvitaður um framandleika valdsins. Eðli hins nýja valdmiðs, stýringarinnar, er hins vegar lífpólítískt út í ystu æsar og lætur sér ekki nægja að ráðskast með líkama einstaklinganna heldur smýgur inn í hverja glufu samfélagslífsins.<sup>23</sup> Og eins og tilfelli ÍE sýnir hefur það meira að segja náð tókum á þáttum sem alla tíð hafa verið sveipaðir óvissu, svo sem heilsu fólks síðar á ævinni og barneignum.

### 2.3 „Úr eigin brjósti“

Vald lífpólítíkur í stýringarsamfélaginu nær að teygja sig „í gegnum dýpi meðvitundar og líkama fólks“,<sup>24</sup> það stýrir og samhæfir lífið innanfrá og tekur sér stöðu innan sjálfsveranna en birtist ekki sem utanaðkomandi afl líkt og ögunarvaldið. Segja má að við séum þá ekki lengur *beitt* valdi, heldur virkar valdið innra með okkur sjálfum og drífur allar okkar athafnir. Ögunarvaldið náði aldrei að klófesta sjálfsveruna því að gangvirki þess var of skiljanlegt og augljóst – verkamaðurinn var settur undir vald verkstjórans, börn og konur undir vald heimilisföðurins, nemendur undir vald kennarans – en samband stýringarvaldsins við einstaklinginn er hins vegar milliliðalaust og því

---

<sup>22</sup> Hardt og Negri 2003:157

<sup>23</sup> Sjá sama rit, 157

<sup>24</sup> Sama rit, 157

mun erfiðara að finna því stað í tíma og rúmi. Gangvirki stýringarinnar lætur sér heldur ekki nægja að taka sér bólfestu í stofnunum samfélagsins heldur yfirtekur öll félagsstengsl og menningu; ívera stjórnunarinnar verður sífellt meira áberandi í hinni félagslegu vídd og er raunar dreift í gegnum líkama borgaranna. Það er þannig sem hið lífþólitíska vald nær tökum á gjörvöllu lífi einstaklinganna, það er þannig sem það stýrir því hvernig við lifum.

Ef til vill væri freistandi að ímynda sér að með upplausn innilokunarstaðanna hefðu einstaklingarnir ósjálfrátt öðlast einhvers konar svigrúm til aukins frelsis, en samkvæmt Hardt og Negri nær valdmið stýringarsamfélagsins þvert á móti mun meiri árangri í að gera samfélagið allt að einni, samvirkandi heild, heild sem hægt er að hafa eftirlit með. Árangur stýringarsamfélagsins felst í því að það nær að tileinka sér hið lífþólitíska samhengi sem sitt eina tilvísunarsvæði, það lítur á samfélagið allt sem *ríki lífvaldsins* og undanskilur enga þætti mannlegs lífs – í ríki lífvaldsins geta barneignir, með hjálp ÍE, orðið að framleiðslu á líkómum. Valdið nær niður í hverja frumu samfélagslíkamans og einstaklingarnir gangast við stýringunni vegna þess að valdið hefur tekið þá úr sambandi við sína eigin lífsskynjun og sköpunarþrá og þröngvað þeim til að taka upp sjálfstýrða firringu – valdið er orðið að lífsnauðsynlegum drifkrafti mannglegra athafna og mannglegrar tilvistar.<sup>25</sup>

Helsta breytingin á valdmiðinu sem verður í umskiptunum frá ögunarsamfélaginu til stýringarsamfélagsins er sú hve falið valdið er nú orðið. Einstaklingurinn skynjar valdið ekki sem framandi verkun heldur sem „eitthvað sem sprettur úr hans eigin brjósti“,<sup>26</sup> hvata sem hann sjálfur er upphafsmaður að. Rökvísi valdsins hefur þannig afmáð mörk hins innra og hins ytra, mörk manneskjunnar sjálfrar og þess samfélags eða valdakerfis sem hún býr við.

Það er einmitt þessi manngerð stýringarsamfélagsins sem Deleuze nefnir *stakling*. Í stýringarsamfélaginu hefur tvenndin sem ögunarsamfélagið byggði á – einstaklingur og heild, presturinn og hjörðin, verkamennirnir og forstjórinn – brotnað niður, og staklingurinn stendur eftir sem sjálfstýrð eining.<sup>27</sup> Í ögunarsamfélaginu var einstaklingurinn alltaf að byrja upp á nýtt þegar hann færðist á milli lokaðra rýma innilokunarstaðanna, en í stýringarsamfélaginu er aldrei neinu lokið og öll félagsleg rými standa opin. Þetta benda Hardt og Negri einnig á: Sjálfsemd einstaklingsins í

---

<sup>25</sup> Sjá sama rit, 156-157

<sup>26</sup> Hjörleifur Finnsson 2006:136

<sup>27</sup> Sjá Deleuze 2002:159-160

ögunarsamfélaginu tók breytingum eftir færslu á milli mismunandi stofnana á hinum ýmsu æviskeiðum, en hver sjálfsemd tengdist ákveðinni stofnun böndum og afmarkaðist í raun við hana. Foreldrahlutverkið afmarkaðist við fjölskylduna, verkamaðurinn skildi vinnuna eftir í verksmiðjunni og sjúklingar áttu einfaldlega heima á sjúkrahúsum. Sjálfsemd sjálfsveranna í stýringarsamfélaginu samanstendur hins vegar samtímis af öllum þeim hlutverkum sem hún gegnir og í þeim skilningi er aldrei neinu lokið. Stúdentinn er ekki bara stúdent í háskólanum; hann getur verið foreldri og stundað atvinnu samhliða því og staða hans innan hvers sviðs tekið mið af þessum fjölbreyttu hlutverkum. Hin mismunandi ögunaröfl sem áður tilheyrðu afmörkuðu svæði innilokunarstaðanna eru nú stöðugt að verki á öllum sviðum hins félagslega veruleika. Einstaklingurinn – staklingurinn – stendur því utan allra stofnana, en stýrist þó enn af rökvísi ögunarvalds þeirra.<sup>28</sup>

---

<sup>28</sup> Sjá Hardt og Negri 2000:331-332



### 3. Veldið – hið nýja skrímli

„Veldið tekur á sig efnislega mynd fyrir framan nefið á okkur.“<sup>29</sup> Á þessum orðum hefst *Veldið* eftir Antonio Negri og Michael Hardt. Það Veldi sem um ræðir er ný heimsskipan, ný formgerð yfirráða, nýtt drottunarkerfi í þjóðfélaginu sem endurskilgreinir félags- og efnahagslegan veruleika. Í útfærslu sinni á Veldinu styðjast Hardt og Negri við greinargerð Deleuze um stýringarsamfélög í „Eftirmálanum“. Þeir byggja einnig á hugmynd heimspekingsins Michels Foucault um lífvald. Deleuze leitaði líka fanga hjá Foucault, eins og kemur fram í „Eftirmálanum“, þótt hann hafi þar ekki minnst beinum orðum á lífvald. Þessar tvær hugmyndir um stýringarsamfélag og lífvald eru grundvallarþættir í framsetningu Hardts og Negris á hinni nýju valdmynd. Höfundar *Veldisins* ætla bók sinni það hlutverk að verða fræðilegur rammi fyrir kenningasmíð og aðgerðir innan *Veldisins* og gegn því. *Veldið* er því stór bók, eins og Hardt og Negri segja sjálfir. Hún einskorðast ekki við heimspekilegt sjónarhorn en er öllu heldur þverfaglegt rit enda viðfangsefnið bæði sögulegt, menningarlegt, landfræðilegt, hagfræðilegt og pólitískt.<sup>30</sup>

#### 3.1 Framgangur *Veldisins*

Hardt og Negri álíta líkt og Deleuze að við stöndum nú frammi fyrir nýju drottunarkerfi samfélagsins, kerfi sem einkennist af stýringarvaldi frekar en ögun. Þetta kerfi kalla Hardt og Negri Veldið. En að hvaða leyti er hið nýja valdmið frábrugðið því sem á undan kom og hvernig lýsir framgangur þess sér? Það er einkum tvennt sem Hardt og Negri nefna sem telja má kjarnann í umbreytingunum frá ögunarsamfélagi til stýringarsamfélags: *Ný mynd fullveldis* og *breyttir framleiðsluhættir kapítalismans*. Þetta orða þeir skýrt í innganginum að *Veldinu*:

Við höfum á síðustu áratugum orðið vitni að ómótstæðilegri hnattvæðingu efnahagslegra og menningarlegra skipta. [...] Samfara tilkomu heimsmarkaðar og hnattrænnar hringrásar á sviði framleiðslu hefur ný heimsskipan litið dagsins ljós, ný rökvisi og ný formgerð yfirráða – nýtt form fullveldis. Veldið er sú pólitíska sjálfsvera sem á áhrifaríkan hátt stjórnar þessum hnattrænu skiptum, sá fullvalda máttur sem ríkir yfir heiminum.<sup>31</sup>

---

<sup>29</sup> Hardt og Negri 2003:150

<sup>30</sup> Sjá sama rit, 154

<sup>31</sup> Sama rit, 150

Sú gerð fullveldis sem Hardt og Negri telja nú liðna undir lok var ríkjandi á tímum ögunarsamfélagsins. Ögunarsamfélagið er tímaskeið *nútímans*, sem hófst í Evrópu á miðöldum og lýkur þegar eftirnútíminn tekur yfir. Það sem einkenndi komu nútímans samkvæmt höfundum *Veldisins* var fyrst og fremst viðurkenning á valdi *þessa heims*, valdi sem ekki er handan hins efnislega veruleika heldur upprunnið í honum. Vald handanheimsins – himnavaldið sem kristin kirkja byggði til dæmis á – beið í ákveðnu tilliti lægri hlut fyrir veraldlegu valdi. Sömuleiðis náði tökum sú hugmynd að maðurinn sjálfur ætti að vera uppruni pólitísku valds og kjarni þess, eins og Rousseau lýsir í *Samfélagssáttmálanum* og Hobbes í *Leviathan* – lýðræðishugmyndum óx fiskur um hrygg. Nútíminn varð þannig tími upplýsingarinnar, vaxtarskeið vísindahyggju og mannhyggju, þar sem bæði vald og þekking áttu uppruna sinn í hinni efnislegu veröld mannsins. Að mati Hardts og Negris urðu þannig grundvallarbreytingar á lífi almennings, fjöldans, þegar nútíminn hóf göngu sína því að honum fylgdi ákveðin sjálfsveruvæðing sem breytti tilveru mannsins til frambúðar.<sup>32</sup>

Samkvæmt Hardt og Negri var nútíminn alltaf í kreppuástandi og þeir skilgreina hann raunar sem kreppu. Kreppa nútímans var tilkomin af þeirri togstreitu sem myndaðist á milli hinnar nýfengnu stöðu mannsins sem uppruna valds og athafna og tilrauna samfélagsaflanna til að halda röð og reglu og stjórna fólkinu. Úr þessum sífelldu átökum skapaðist hið fullvalda þjóðríki nútímans. Eins og Deleuze greindi voru skipulagseiningar ögunarsamfélagsins hinar lokuðu stofnanir þess, innilokunarstaðirnir, sem virkuðu sem fastmótuð umgjörð utan um líf fólks og athafnir, en ríkið varð sá innilokunarstaður nútímans sem hafði nokkurs konar yfirumsjá með öllum hinum. Efnisleg mörk þess, þ.e. landamæri, voru skýr, innan þess ríkti stigveldi valds með þjóðhöfðingja efst og almenning neðst þannig að valdamiðjan og mögulegir farvegir valdbeitingar voru augljósir. Fullveldi ríkisins í nútímanum kristallaðist fyrst og fremst í átökum þess við hið utanaðkomandi, við önnur fullvalda ríki. Þannig má segja að Evrópuþjóðirnar hafi mótað fullveldi sitt með því að leitast eftir yfirráðum utan landamæra sinna, leitast við að verða heimsveldi og leggja undir sig nýlendur. Þessi átök á milli fullvalda þjóðríkja annars vegar og hins vegar á milli sjálfsverunnar og ögunar ríkisvaldsins eru kjarni þeirrar kreppu sem, samkvæmt Hardt og Negri, er uppistaðan í ögunarsamfélagi nútímans.<sup>33</sup>

<sup>32</sup> Sjá Hardt og Negri 2000:69-74, 85

<sup>33</sup> Sjá sama rit, 85 og Hardt og Negri 2003:151

Hardt og Negri benda þó á að hrun innilokunarstaðanna og framgangur stýringarsamfélagsins boði alls ekki endalok ögunarvaldsins. Þvert á móti hefur ögunarvaldið jafnvel enn sterkari ítök í stýringarsamfélaginu þar sem það hefur flust af hinu afmarkaða, efnislega sviði félagslegra stofnana inn í vitund einstaklinganna, þaðan sem rökvísi þess er stöðugt að verki. Hinir sýnilegu valdapýramídar fletjast út, mörk hins ytra og hins innra afmást og valdboð finnur sér síður efnislegan farveg innan stofnana ríkisins en þrátt fyrir það magnast ívera valdsins upp í hinum félagslega veruleika.<sup>34</sup> Ögunaröflin eru enn að verki og kreppa innilokunarstaðanna hefur aðeins aftengt þau aflokuðu rými stofnananna en ekki dregið úr áhrifavaldi þeirra. Sem dæmi má nefna að þótt áður fastmótuð mynd fjölskyldunnar sé að brotna upp – kjarnafjölskyldan vîkur fyrir sífelld fjölbreyttari fjölskyldumyndum – hafa „fjölskyldugildi“ alls ekki tapað vægi sínu, þau eru enn meðal þess sem hampað er í samfélaginu, og feðraveldið sem fjölskyldan byggðist á er enn við lýði. Sömu öflin og áður móta okkur, en við gerum okkur síður grein fyrir þeim nú. Það má segja að í nútímanum hafi einstaklingnum að hluta til verið stýrt af ögunarvaldinu innan innilokunarstaðanna, en í eftirnútímanum er hann að öllu leyti settur undir ögunarvaldið og hegðun, einkenni og gildi sem hann telur sjálfsprottin eru einnig afurðir ögunarinnar.<sup>35</sup>

### 3.2 Ný gerð fullveldis og afsvæðing valdsins

Samkvæmt Hardt og Negri er sú alþjóðaskipan sem lagði hið fullvalda þjóðríki til grundvallar nú liðin undir lok. Þeir telja líkt og Deleuze að innilokunarstaðirnir, sem áður gegndu hlutverki sínu sem farvegur ögunar mannsins, séu að hrynja til grunna og ögunarvaldið að tapa tilvísunarsvæði sínu, það tapar því efnislega móti sem það gat áður athafnað sig innan. Ríkið sem innilokunarstaður er ekki undanskilið þessari þróun. Rétt eins og verksmiðjan, fjölskyldan, skólinn og fangelsið hafa breyst úr lokuðum mótum ögunarvalds í opin rými hafa landamæri hins fullvalda ríkis brotnað upp og stigveldi valdsins innan þess sömuleiðis. Dialektísk barátta hins fullvalda ríkis við allt sem stóð utan þess á sér enga fótfestu lengur í heimi sem byggist ekki upp á pólitískum landamærum.

Hardt og Negri nefna tilkomu yfirþjóðlegra laga- og réttarstofnana á tuttugustu öldinni til merkis um tilburði Veldisins til heildrænnar stýringar á heimsmarkaðnum og

<sup>34</sup> Sjá Hardt og Negri 2000:329-330

<sup>35</sup> Sjá sama rit, 196-197

uppbyggingar hnattræna valdatengsla. Sameinuðu þjóðirnar, sem komið var á fót árið 1945, eru ein þessara stofnana. Þær eru yfirþjóðleg samtök sem byggja á hugmyndinni um grundvallarréttindi mannsins, eins og Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er til vitnis um. Lögbundin réttindi mannsins gagnvart yfirvöldum eru þannig varin á vettvangi sem stendur ofar þjóðríkjunum – hjá alþjóðadómstólum, Sameinuðu þjóðunum eða öðrum slíkum stofnunum – og óháð þjóðríkjunum sem slíkum. Regluverk þeirra er yfirþjóðlegt þótt þær þiggi lögmæti sitt frá fullvalda þjóðríkjum og þær eru því fyrsti vísirinn að þeirri heimsskipan sem Veldið myndar.<sup>36</sup>

Í Veldinu hefur fullveldi þjóðríkja, sem hin gamla heimsvaldastefna Evrópuríkjanna byggði á, vissulega dvínað, en af því leiðir ekki að *fullveldið sem slíkt* hafi tapað mætti sínum heldur einungis skipt um áhrifasvið – það átti áður kjölfestu sína innan þjóðríkja en tilheyrir nú Veldinu, hinu nýja skrímsli, hinni nýju pólitísku sjálfsveru.<sup>37</sup> Eitt mikilvægasta atriðið í útfærslu Hardts og Negris á hugmyndum sínum um Veldið er þessi hugmynd um yfirfærslu valds frá einu sviði yfir á annað. Hið nýja viðmið hefur sannarlega í för með sér dvínandi fullveldi þjóðríkja, niðurbrot landamæra (sbr. Evrópusambandið og Schengen-sáttmálann), frjálssa markaði og óheftari samskipti fólks á milli, en við búum þó enn í þungamiðju valdakerfis. Vald óttast og fyrirliður tómarúm, hafa Hardt og Negri eftir Foucault.<sup>38</sup> Frjálssir markaðir og hnattvæðing efnahagslegra skipta breytir engu þar um – í raun og veru er það til marks um sigur kapítalismans yfir gangvirki samfélagsins að hann hefur runnið saman við ríkið, *orðið að ríkinu*.

Það sem er ólíkt með heimsvaldastefnu hinna fullvalda þjóðríkja og Veldinu er að Veldið hefur enga svæðisbundna valdamiðju og það byggist hvorki á landamærum né öðrum föstum mörkum. Það er í raun „*afmiðjuð* og *afsvæðandi* yfirráðavél sem innlimar smám saman hinn hnattræna vettvang í heild sinni innan opinna, útvíkkandi landamæra sinna.“<sup>39</sup> Veldið er afmiðjuð yfirráðavél því það hefur enga ákveðna efnislega valdamiðju, öfugt við til dæmis fullvalda ríki þar sem konungur eða lýðræðislega kjörinn aðili er æðsti valdhafi, og það er afsvæðandi þar sem það brýtur upp áður traust mörk á milli svæða og ólíkra menningarheima. Hardt og Negri benda til dæmis á að skipting heimsins í fyrsta, annan og þriðja heim á vart lengur við nein rök að styðjast þar sem einkenni hvers heims fyrir sig má nú greina í sérhverjum hinna.

<sup>36</sup> Sjá sama rit, 4-6, 9

<sup>37</sup> Sjá Hardt og Negri 2003:151

<sup>38</sup> Hardt og Negri 2000:13

<sup>39</sup> Hardt og Negri 2003:151

Veldishugtak þeirra einkennist þannig af markaleysi. Yfirráð Veldisins eru algjörlega ótakmörkuð og það stýðst hvorki við svæði né tíma – Veldið er alltumlykjandi.<sup>40</sup>

Í bókinni *Þúsund flekar: Kapítalismi og geðklofi* sem Deleuze og samstarfsmaður hans Félix Guattari skrifuðu settu þeir fram hugmynd sína um *rísómið*. Rísóm er „myndhverfing fyrir margbreytileika og óendanlega samtengimöguleika allrar hugsunar, menningar og tungumáls“.<sup>41</sup> Rísómið er andstæða trésins, sem kvíslast út frá einum stofni; það er ekki eins og ættartré eða málvísindatré þar sem rekja má sögu hvernar greinar í gegnum næstu greinar á undan allt niður að rótinni – það er frekar eins og mosi eða sveppur sem vex í allar áttir og án miðju eða rótar og hvaða punktur þess sem er getur tengst sérhverjum öðrum punkti, það er sundurleitur og afmiðjaður veruleiki.<sup>42</sup> Hardt og Negri lýsa því Veldinu sem rísómi: Stigveldi valdsins innan þess og stýringin sem það kemur á er ekki eins og tré, heldur rótlaus og markalaus en þrautseigur sveppur sem vex meira að segja þar sem hann sést ekki.<sup>43</sup>

### 3.3 Íhlutun og yfirráð

Réttmæti Veldisins og valds þess er að finna í áhrifamætti valdbeitingar þess. Þannig réttlætir valdsvélin sig sjálf og grundvallast á getu hins nýja valdmiðs til að leysa deilur og vandamál, til að stýra því hnattræna rými sem hún sjálf opnar. Í raun og veru er Veldið ekki reist á valdbeitingu sem slíkri heldur getunni til að klæða vald í líki réttinda- og friðarbaráttu. Íhlutun Veldisins, aðgerðir þess innan sameinaðrar veraldar, er bæði á hinu hernaðarlega, siðferðilega og lagalega sviði – raunar byggist máttur Veldisins til íhlutunar á siðferðilegum stjórnþækjum þess fremur en stríðsvélum. Slík siðferðisíhlutun, segja Hardt og Negri, er meðal annars iðkuð af ýmsum frjálsum félagasamtökum og alþjóðlegum mannréttindasamtökum á borð við Amnesty International, Lækna án landamæra og mörg fleiri, sem heyja „réttlátt stríð“ til að verja mannréttindi óháð landamærum.

Tiltrú höfunda *Veldisins* á þessum samtökum er ekki mikil; þeir telja þau „algjörlega kaffærð í lífpólítísku samhengi“ Veldisins, betlimunka þess og líknarherferðir, og að aðgerðir þessara samtaka almennt talað séu fyrst og fremst

---

<sup>40</sup> Sjá sama rit, 151-153

<sup>41</sup> Deleuze og Guattari 2002:9

<sup>42</sup> Sjá sama rit, 21-24

<sup>43</sup> Rétt eins og Veldið eru sveppir ekki allir þar sem þeir eru séðir. Sá hluti sveppsins sem er sýnilegur og vex ofan jarðar, til dæmis ætir hattar kúalubba og lerkisvepps, er aðeins lítill hluti lífverunnar, sem teygir ósýnilega þræði sína í allar áttir í jarðveginum og skýtur upp kollinum hvar sem aðstæður leyfa. Þannig eru umsvif sveppa mun meiri en halda mætti af fjölda sýnilegra hatta – rétt eins og vald Veldisins er mun umfangsmeira en okkur virðist við fyrstu sýn.

friðþægjandi fyrir þátttakendur. Raunar boða þau öðru fremur komu heimsskipanar hins kapítalíska Veldis. Hardt og Negri benda á til skýringar að siðferðisíhlutun sé oftast en ekki undanfari og fyrsta stig í hernaðaríhlutun og stríðsrekstri, sem stofnað er til í krafti réttlætis, frelsis og af mannúðarástæðum. Aðgerðir sem stofnað er til í krafti siðferðisíhlutunar eru síðan skilgreindar sem *undantekningar*, viðbrögð við sérstökum aðstæðum, jafnvel þótt þeim sé beitt hvað eftir annað. *Veldið* er skrifað fyrir tíma Íraksstríðsins og yfirstandandi byltinga í Arabalöndunum, en innrásin í Írak og loftárásirnar á Líbýu eru einmitt ljóslifandi dæmi þess hvernig stórfelldar hernaðaraðgerðir eru réttlættar með tilvísun til siðferðilegra sjónarmiða. Bandaríkjamenn – en Hardt og Negri benda einmitt á að ákvörðun um hernaðaríhlutun er í auknum mæli tekin einhliða af þeim en ekki á grundvelli alþjóðlegra stofnana nútímans, til dæmis Sameinuðu þjóðanna – réðust inn í Írak *til að frelsa fólkið* undan óvininum, einræðisherranum Saddam Hussein, og í Líbýu er verið að *bjarga lífi saklausra borgara* með því að sprengja upp hernaðarleg skotmörk. Þannig eru aðgerðir sem í grunninn hafa efnahagslegan hvata réttlættar gagnvart almenningi með því að gera stríðsrekstur að mannúðar- og friðarboðskap.

Íhlutun og undirokun sem réttlætt er með vísun í siðferðisboðskap þjónar að öllu leyti vexti Veldisins og styrkir innra skipulag þess. Hún er gríðarlega mikilvægt afl til stýringar á mannfjöldanum, því hún ýtir ekki aðeins undir ótta við óvininn heldur *framleiðir hann* í formi hryðjuverkamanns og frelsisógnar og hún framleiðir tengsl og farvegi til aukinnar stýringar á félagslegum veruleika mannsins með því að leggja undir sig það sem áður stóð utan valdsvélarinnar, siðferði mannsins og gildi.<sup>44</sup>

### 3.4 Breyttir framleiðsluhættir

Líkt og Deleuze greindi í „Eftirmálanum“ hélst umbreytingin yfir í samfélag stýringarvaldsins í hendur við ákveðnar breytingar á kapítalísmannum og kapítalískum framleiðsluháttum. Þungamiðja kapítalískra framleiðsluhátta færðist af vinnslu vara úr hráefni yfir í það að kaupa og selja athafnir og þjónustu á markaði, verksmiðjur véku fyrir loftkenndum fyrirtækjum, fast gengi fyrir fljótandi gjaldmiðlum. Hardt og Negri halda áfram með greiningu Deleuze á umbreytingum kapítalísmans í *Veldinu* og segja veraldarhagkerfið hafa *eftirnútímavæðst* í kjölfar kreppu kapítalísmans á seinni hluta tuttugustu aldar.

---

<sup>44</sup> Sjá Hardt og Negri 2000:18-20 og Hardt og Negri 2003:168-170

Í byrjun áttunda áratugar liðinnar aldar stóð iðnaðarkapítalismi ögunarsamfélagsins frammi fyrir viðamiklum vanda. Framleiðslugeta hinnar fordísku færibandavinnu hafði náð hámarki sínu, verkamenn og hinar vaxandi millistéttir í iðnvæddum löndum hófu að sameinast og rísa upp gegn kapítalískum yfirráðum ögunarsamfélagsins og félagslegar byltingar og breytingar, til dæmis í kjölfar Víetnamstríðsins og stúdentaóeirðanna í Evrópu á sjöunda áratugnum, ýttu undir kröfur um uppstokkun á valdakerfinu. Eins og áður sagði var gengi Bandaríkjadollars leyst undan gulltengingunni árið 1971 þannig að viðskiptajafnvægið raskaðist á milli Bandaríkjanna og annarra landa, og árið 1973 geisaði olíukreppa í heiminum en um það leyti var kreppa kapítalismans – kreppa nútímans – orðin bæði raunveruleg og aðkallandi. Ljóst var að öll efnahagsleg tengsl tækju stakkaskiptum og nýtt valdafyrirkomulag næði kjölfestu; fyrirkomulag ögunarsamfélagsins á framleiðslu og skiptum stóð ekki lengur undir sér.<sup>45</sup> Að endingu var það því ný gerð sjálfsverunnar, sú sem hóf göngu sína með mann- og vísindahyggju nútímans, sem varð kveikjan að framgangi stýringarsamfélagsins. Samsetning verkalýðsins hafði breyst og valdakerfi ögunarsamfélagsins hafði engar fullnægjandi lausnir á því hvernig stjórna mætti fólkinu.

Hardt og Negri nefna fall Sovétríkjanna til marks um endalok hins gamla valdmiðs. Framleiðsluhættir Sovétríkjanna voru að hætti hinna fordísku verksmiðja ögunarsamfélagsins og pólitískur valdastrúktúr sem hélt löndum Sovétríkjanna saman var ósveigjanlegur og ófær um að bregðast við nýjum kröfum og þrám verkalýðsins. Jafnvel þótt Sovétríkin stæðu að mörgu leyti einangruð utan hins kapítalíska heimsmarkaðar sem óx ásmegin á tuttugustu öldinni, náði drifkraftur breytinganna sem orðið höfðu innan landa kapítalismans einnig tókum á sovéskum verkalýð. Kröfur um hærri laun og aukið frelsi urðu háværar, skapandi kraftur verkalýðsins ógnaði stoðum hins sósíalíska kerfis uns það hrundi eins og spilaborg vegna eigin vangetu til að tileinka sér framleiðsluhætti eftirnútímans.<sup>46</sup>

Í hnattvæðingu efnahagslegra skipta, hnattvæðingu hins kapítalíska markaðskerfis, sjá Hardt og Negri sem sagt rótina að fæðingu Veldisins, og í þeirra augum markar þetta hnattvæðingarferli sögulega grundvallarbreytingu á samfélaginu. Þeir benda á að margir telji að með hnattvæðingu kapítalismans hafi efnahagur heimsins losnað undan pólitískum áhrifum og þannig hafi dregið úr pólitísku valdi, en þeir telja þvert á móti að með hnattvæðingunni hafi vald hins kapítalíska hagkerfis og pólitískt

---

<sup>45</sup> Sjá Hardt og Negri 2000:264-266, 275

<sup>46</sup> Sjá sama rit, 277-279

vald sameinast undir einn hatt og myndi nú stofninn í kapítalískri skipan heimsins.<sup>47</sup> Hin hefðbundnu pólitísku gangvirki sem áður stýrðu bæði fjármálageiranum og félagslegum stofnunum hafa tapað sjálfræði sínu samhliða yfirfærslu fullveldis af sviði þjóðríkjanna á svið yfirþjóðlegra stofnana og samtaka – raunar hefur ríkisvaldi og stjórn málaöflum verið algjörlega sporðrennt af Veldinu og þeim stýringaröflum sem það beitir. Áður fyrr voru það þjóðríkin sem handstýrðu gengi gjaldmiðla sinna – eins og Kína gerir reyndar enn – en með framgangi Veldisins eru ákvarðanir í fjármálageiranum í auknum mæli teknar af öflum sem ekki heyra beint undir ríkið. Fjármálagjöorningunum sem enduðu með hruni einkareknu bankanna á Íslandi var til dæmis að mestu leyti stýrt af öðrum en stofnunum ríkisins, þótt heita ætti að ríkið setti efnahagskerfinu reglur og hefði eftirlit með aðgerðum þess. Stjórn málaaflið hverfur þó ekki frekar af sjónarsviðinu heldur en fullveldið sem slíkt, heldur flyst á sama hátt af sviði þjóðríkisins yfir til Veldisins, á hið yfirþjóðlega svið. Samsetning þessara yfirráða er mun flóknari og óstaðbundnari en áður hefur verið.<sup>48</sup>

Veldið er ekki einhvers konar framhald eða fullkomin á heimsvaldastefnu nútímans þótt vissulega séu enn við lýði þjóðríki sem kúga önnur að hætti evrópsku heimsveldanna og í takt við skiptingu heimsins í þróunarlönd og þróuð lönd, þriðja heiminn og fyrsta heiminn. Ástæða þess er að í Veldinu raungerist hugmyndin um eitt afl sem sameinar öll lönd undir algildri réttarhugmynd; það treystir ekki á að þjóðríkin leysi málin sín á milli heldur tekur sér stöðu sem kontrapunktur alls valds og ákvörðunarréttar.<sup>49</sup>

---

<sup>47</sup> Sjá sama rit, 8-9 og Hardt og Negri 2003:150

<sup>48</sup> Sjá Hardt og Negri 2000:307-308

<sup>49</sup> Sjá sama rit, 9, 13



## 4. Ásjónur hins lífpólítíska valdmiðs

Í „Eftirmálanum“ benti Deleuze á að framgangur stýringarsamfélagsins hefur haldist í hendur við ákveðnar breytingar á kapítalismannum og kapítalískum framleiðsluháttum, og ljóst er að Hardt og Negri fylgja sömu línu í sinni greiningu á Veldinu. Samband félagslegrar framleiðslu og lífvalds innan Veldisins verður að algjöru lykilatriði í greiningu þeirra og þeir telja að hvorki Foucault né Deleuze hafi gert sér nægilega grein fyrir lífpólítísku samhengi allrar framleiðslu í stýringarsamfélaginu. Til að nálgast hina lífpólítísku vídd samfélagsins rýna Hardt og Negri því í hið nýja eðli framleiðandi vinnuafls í Veldinu.

### 4.1 Óefnisleg vinna, afmiðjun og afsvæðing

Í framvindu sögunnar frá því á miðöldum greina þeir þrjú efnahagsviðmið. Í því fyrsta var landbúnaður og vinnsla hráefna ríkjandi, í nútímanum tók iðnbyltingin við og fordískir framleiðsluhættir með tilheyrandi framleiðslu vara en þriðja viðmiðið, það sem nú hefur tekið við, beinir kröftum sínum að sölu á þjónustu og athöfnum og upplýsingagjöf. Efnahagurinn, segja þeir, hefur eftirnútímavæðst, eða *upplýsingavæðst* öllu heldur. Hnattvæðing efnahagslegra og félagslegra skipta er rauði þráðurinn í þessari eftirnútímavæðingu kapítalismans. Með falli Sovétríkjanna voru síðustu varnargarðar hins kapítalíska heimsmarkaðar úr sögunni og efnahagur allra landa er nú bundinn heimsmarkaðnum traustum böndum – öflugustu efnahagsveldi heims jafnt sem hin umsvifaminni og afskekktari eru í dag ófær um að einangra sig frá honum; allir verða að taka þátt í leiknum.

Afmiðjandi og afsvæðandi eiginleikar Veldisins koma greinilega í ljós þegar litið er til efnahagslegrar framleiðslu í hinu upplýsingavædda samfélagi: Á tímum iðnvæðingar var tilhneigingin sú að vinnuafl safnaðist saman á ákveðin miðjusvæði, svo sem í iðnaðarborgum Bretlands og Bandaríkjanna, en ný og fullkomin boð- og fjarskiptatækni hefur hrint af stað afsvæðingu framleiðslunnar – stýring framleiðslu getur nú farið fram úr fjarlægð með hjálp óteljandi möguleika tölvutækninnar þannig að verksmiðjuborgirnar eru ekki lengur þungamiðja og miðdepill framleiðslunnar. Landfræðilegir tálmar framleiðslunnar eru nánast úr sögunni og það er algengara en ekki að vörur séu framleiddar á mörgum mismunandi stöðum – færibaldið hefur vikið fyrir tölvuvæddu netkerfi sem nú er skipulagseining framleiðslunnar. Framleiðandi vinna krefst ekki lengur landfræðilegrar eða efnislegrar miðju og vörur eru gjarnan

búnað til í þörtum í mörgum mismunandi löndum allt eftir því hvar ódýrast er að vinna hvern hluta framleiðslunnar.<sup>50</sup>

Afsvæðingu framleiðslunnar og tæknivæðingu framleiðsluhátta fylgir vaxandi vægi óefnislegrar vinnu umfram efnislega vinnu, svo sem vefnað og klæðskurð eða smíðar, þar sem unnið er með ólík verkfæri og efni eftir því sem við á. Með tæknivæðingunni fjarlægist vinnuaflið hins vegar efnivið framleiðslunnar og vinnur frekar með forrit og hugbúnað heldur en verkfæri – vefnaðarvörur, föt, húsgögn og myndlist, allt þetta má hanna í tölvum. Tölvun verður einhvers konar alheimsverkfæri sem beita má innan hvaða greinar sem er og vinnuaflið verður óhlutbundið. Ennfremur snýst framleiðslan í auknum mæli um þjónustu og afþreyingu og miðlun upplýsinga og þekkingar, þar sem áherslan er á *hrif*, það er einhvers konar tilfinningu eða upplifun þess sem kaupir. Hinn sívaxandi þjónustu- og afþreyingargeiri byggir á þessari óefnislegu vinnu, treystir á tölvu- og fjarskiptatækni og miðlar fyrst og fremst upplifun, upplýsingum og hvers kyns þjónustu. Auk þess gegna staðsetning og fjarlægðir engu stóru hlutverki innan þessa geira; tölvu- og fjarskiptatæknin hefur séð til þess.<sup>51</sup> Þegar hringt er í símaver tölvu- og símafyrirtækja eftir þjónustu er þannig aldrei að vita hvar manneskjan sem svarar er stödd – á Indlandi, í London, inni í kútaskáp í Reykjavík – því að stórfyrirtæki starfrækja gjarnan þá þjónustu þar sem vinnuafli og aðstöðu fylgir lágmarkskostnaður.

Ef til vill eru símar, eða farsímar öllu heldur, einmitt besta dæmið um þann viðsnúning sem upplýsingavæðingin hefur haft í för með sér, því að notkun þeirra sýnir skýrt og greinilega afsvæðingu og afmiðjun Veldisins og hrun innilokunarstaðanna. Áður fyrr voru símar tengdir landlínunum og þannig fastir á ákveðnum stað, á skrifborðum forstjóra og yfirmanna og á heimilum fólks. Þegar hringt er í landlínu er þannig fyrst og fremst verið að hringja á tiltekinn stað, en þegar hringt er í farsíma er hins vegar verið að hringja í manneskju, og þá gildir einu hvar sá er sem svarar í símann. Þannig getur fólk tekið vinnuna sína með sér heim til fjölskyldunnar og fjölskylduna með sér í vinnuna; mörk þessara fyrrum innilokunarstaða hafa máðst út. Með hjálp farsímans er nú hægt að vera stöðugt á ferðinni – en alltaf *við*.

---

<sup>50</sup> Sjá sama rit, 283-286, 294-295

<sup>51</sup> Sjá sama rit, 291-293

## 4.2 Ekkert fær umflúið peningana

Það eru hinar gríðarstóru yfirþjóðlegu fyrirtækjasamsteypur sem eru uppistaðan í þeim lífþólitíska heildarlíkama sem Hardt og Negri beina sjónum sínum að. Þessar yfirþjóðlegu samsteypur hafa frá því á seinni hluta tuttugustu aldar mótað svæði heims lífþólitískt, en ekki ber að líta svo á að þær hafi einfaldlega komið í stað heimsvaldastofnana ögunarsamfélagsins heldur hafa þær raunverulega breytt sjálfum staðnum sem þær leggja undir sig; þær eru drottunarbákn sem láta sér ekki nægja að vinna úr þeim auðlindum sem bjóðast heldur skapa ný tengsl og nýja farvegi þar sem þeim hentar. Kaupþing og aðrir einkareknir bankar á Íslandi gjörbreyttu til dæmis öllu fjármálaumhverfi á Íslandi á fyrsta áratug þessarar aldar og byggðu sjálfum sér starfsvettvang með alls kyns nýjungum á sviði fjármögnunar og viðskipta. Einnig skapaði orkurisinn Enron orkukrísu í Kaliforníu í byrjun aldarinnar með því að slökkva á raforkuverum og búa þannig til orkuskort, sem aftur varð þess valdandi að orkuverð rauk upp úr öllu valdi. Þannig breyttu þessi fyrirtæki markaðsumhverfinu og höfðu þannig áþreifanleg áhrif á þann daglega veruleika sem fólk hrærist í.

Markaðsstýringin sem fylgir heimsmarkaðsvæðingu og vexti risafyrirtækja undanfarinna áratuga takmarkast ekki við lokuð rými innilokunarstaðanna því að heimsmarkaðurinn hefur lagt allan heiminn – allan veruleika mannsins – undir sig. Kreppa nútímans lýsti sér í stöðugum átökum stofnana og rýma við ytri svæði og völd, en hvað sem átökum og baráttu leið átti valdið sér tilvísunarsvæði, það var staðsetjanlegt. Í stýringarsamfélagi eftirnútímans, þegar landamæri og markalínur hafa leyst upp, hafa afmiðjandi eiginleikar hins nýja valdmiðs gert það að verkum að valdið er bæði *alls staðar* og *hvergi*, þannig að Veldið er raunar stað-leysa.<sup>52</sup>

Fyrirtækjasamsteypurnar eru nú að mestu leyti lausar undan yfirráðum þjóðríkjanna og hafa gert þau að verkfærum sínum eða gagnagrunni, enda nota samsteypurnar sér gagnabanka þjóðríkjanna til að fylgjast með flæði fólks og fjármagns um heiminn eða byggja sína eigin starfsemi á þessum gagnabönkum, eins og ÍE gerir til dæmis. Í þessu tilliti hefur pólitískt vægi ríkisins minnkað en það þýðir þó ekki að fyrirtækjasamsteypurnar séu lausar undan hvers kyns ögunarvaldi, heldur aðeins að valdið sem stýrir þeim hafi færst af sviði þjóðríkjanna yfir á yfirþjóðlegt svið.<sup>53</sup>

Þessar yfirþjóðlegu fyrirtækjasamsteypur, til dæmis stórir fjárfestingabankar, matsfyrirtæki, samskiptarísar og fyrirtæki í orkuiðnaði, gegna nú stöðu skipulagseininga

<sup>52</sup> Sjá sama rit, 190

<sup>53</sup> Sjá sama rit, 307-309 og Hardt og Negri 2003:164

nýja valdmiðsins. Þau stjórna að langmestu leyti flæði peninga og fjármagns í heiminum og stýra þannig heimsmarkaðnum. Í raun eru það peningamálin sem samkvæmt Hardt og Negri ákvarða hina lífþólitísku formgerð Veldisins. Undanfarna áratugi hafa peningar, rétt eins og vinna og framleiðsla, orðið æ óáþreifanlegri. Gildi gjaldmiðla, sem eins og áður hefur komið fram var áður fyrir tengt gullmagni, er ekki aðeins fljótandi og síbreytilegt í eftirnúttímanum heldur hefur sjálf skiptimyntin – seðlar og slegin mynt, hin efnislegu táknið – nánast horfið af sjónarsviðinu ef litið er til meiri háttar efnahagslegra skipta og fjárfestinga. Peningar eru í dag lítið annað en tölur á pappír, ellegar tölur á tölvuskjám og í örflögum rafrænna skilríkja. Og öfugt við gullstangir geta peningar í dag orðið til eða horfið í fjármálagjörningum sem eiga ekkert skylt við efnislega framleiðslu eða vinnslu. Það er raunar frá sjónarhorni peninganna sem við gerum okkur til fullnustu grein fyrir því hvernig kapitálið, auðmagnið, hefur að öllu leyti tekið yfir framleiðslu samfélagsins.

Það er ekki neitt, ekkert „strípað líf“, enginn ytri sjónarhóll, sem hægt er að ímynda sér fyrir utan þetta peningamettaða svið; ekkert fær umflúið peningana. Framleiðsla og endurframleiðsla klæðast búningi peninganna. Í raun og veru eru allar ásjónur hins lífþólitíska íklæddar kufli peninganna.<sup>54</sup>

Í þessu samhengi er það boðskiptaiðnaðurinn sem gegnir stærstu hlutverki, en innan þeirra óáþreifanlegu tengsla sem hann myndar vilja Hardt og Negri helst staðsetja hina lífþólitísku framleiðslu. Boðskiptaiðnaðurinn, segja þeir, á í lífrænu sambandi við Veldið og er bæði afurð þess og framleiðandi. Það væri einföldun að segja að það sem boðskiptaiðnaðurinn bjóði okkur sé einungis tjáning eða samskipti því að hann er eitt þeirra gangvirkja Veldisins sem beinlínis breytir staðnum sem það vinnur með. „Vald skipuleggur um leið og það framleiðir [...]. Tungumálið, um leið og það tjáir, framleiðir vörur en býr að auki til sjálfsverur, skapar þeim tengsl og skipar þeim niður.“<sup>55</sup> Þannig skipuleggur boð- og fjarskiptatæknin hreyfingar hnattvæðingarinnar og kemur á tengslum milli punkta í netkerfinu, hún verður drifkraftur framleiðslu og endurframleiðslu hins félagslega veruleika og skapar rísómískt net.<sup>56</sup>

Vald boðskiptatækninnar felst í því að hún gerir framleiðsluvélinni kleift að leggja undir sig öll samskipti í samfélaginu; miðlun upplýsinga og hugmynda, sem stóð

<sup>54</sup> Hardt og Negri 2003:165

<sup>55</sup> Sama rit, 166

<sup>56</sup> Sjá sama rit, 165-166

utan framleiðsluvélar nútímans, verður íverandi í framleiðslu eftirnútímans. Samskiptainviðirnir sem boðskiptaiðnaðurinn hefur komið á laggirnar eru réttara sagt forsendur þess að framleiðsluvélin geti lagt undir sig gjörvalla heiminn, á sama hátt og vegirnir sem rómverska heimsveldið lagði voru forsenda landvinninga þess og þeirrar stjórnunar sem það hafði á fjarlægum stöðum.<sup>57</sup> Boðskiptaiðnaðurinn sníður framleiðslu eftirnútímans stakk sem hentar hinu hnattræna rými. Lífið er orðið að iðnaðar-peningaveraldar-náttúru þar sem peningar eru uppistaðan og saumurinn eða þráðurinn sem tengir öll svið tilverunnar.<sup>58</sup>

### 4.3 Hlutskipti sjálfsverunnar

Það er hér sem í ljós kemur hvað verður um sjálfsveruna og líf hennar í stýringarsamfélagi lífvaldsins. Hin miklu iðnaðar- og fjármálaveldi heimsins hafa tekið lífvaldið í þjónustu sína, og þegar lífvald er annars vegar er það framleiðsla og endurframleiðsla lífsins sjálfs sem leikurinn snýst um. Rétt eins og vélar framleiða vörur eru félagslegar vélar Veldisins teknar að framleiða og endurframleiða félagslegar verur líkt og þær væru vörur og sjálfsveran verður því að afurð stórfyrirtækjanna:

Þau framleiða gerandi sjálfsverur innan hins lífpólítíska samhengis: þau framleiða þarfir, félagsleg tengsl, líkama og huga – með öðrum orðum framleiða þau framleiðendur. Á sviði hins lífpólítíska er lífinu gert að starfa fyrir framleiðsluna og framleiðslan látin starfa fyrir lífið.<sup>59</sup>

Með öðrum orðum hafa kapítalískir framleiðsluhættir tekið yfir sköpun sjálfsverunnar, og sú sköpun er drifin áfram af sömu efnahagslegu lögmálum og hinn frjálsi markaður eftirnútímans. Stýring sjálfsverunnar í ögunarsamfélaginu fólst í átökum á milli ytri og innri veruleika mannsins; þessi átök var einstaklingurinn meðvitaður um, hann gat upplifað valdbeitinguna að utan. Þess vegna tókst ögunarsamfélaginu aldrei að sporðrenna honum algjörlega inn í takbundin slög framleiðslunnar, eins og Hardt og Negri orðuðu það. Um hinn markaðsvædda eftirnútíma gegnir öðru máli. Mörk hins ytra og hins innra hafa runnið út í sandinn og eftir stendur einstaklingurinn sem framleiðandi sinnar eigin tilveru; hann er orðinn að rekstrareiningu. Með sívaxandi markaðsvæðingu og uppgangi nýfrjálshyggju hefur lífpólítískt vald leyst upp

<sup>57</sup> Sjá Hardt og Negri 2000:299

<sup>58</sup> Sjá Hardt og Negri 2003:165 (nmgr.)

<sup>59</sup> Sama rit, 165

ögunarstaðina – fyrrum rými valdbeitingar – en á sama tíma opnað öll rými lífsins fyrir rökvísi ögunarvaldsins. Þannig stjórnar stýringarsamfélagið í gegnum sjálfstjórn sjálfsveranna sjálfra; þar finnur ögunarvaldið nú farveg sinn.<sup>60</sup>

Og hvað verður svo um frelsi einstaklingsins í þessu samfélagi? Halda mætti að það hefði sjálfkrafa vaxið með upplausn innilokunarstaðanna og einstaklingsvæðingu eftirnútímans, sem felst í þeirri viðurkenningu að einstaklingurinn hafi rétt til að lifa eins og honum hugnast best, til að tjá sig og athafna að vild. Með tilliti til kenninga Hardts og Negris um framgang Veldisins og þau stýringaröfl sem því fylgja er þó greinilegt að málið er ekki svo einfalt. Í kapítalísku samfélagi sem einkennist af markaleysi valds er frelsið umfram allt *val á markaði*, lögmál markaðarins orðin að lögmálum samfélagsins og lífsins – *það er sem sagt ekkert strípað líf, enginn ytri sjónarhóll utan hins peningamettaða sviðs*. Frelsið er orðið að neysluvöru sem okkur stendur til boða að kaupa á hinum frjálsa markaði, eins og glögglega sést af öllum þeim lífstíls- og neysluvörum sem auglýsendur láta í veðri vaka að færi fólki frelsi, hamingju, sjálfsöryggi og svo framvegis. Frelsi er nú berstrípað hugtak, en það er ennþá eftirsóknarvert og því ekki skrýtið að fólk reyni að öðlast það eftir einu leiðinni sem markaðurinn segir okkur að sé fær: *Með því að kaupa það fyrir peninga*. Einstaklingarnir verða því að framleiðendum eigin sjálfs með því að nýta frelsi sitt til að velja sér líf úr þeim kostum sem bjóðast á opnum markaði. Þeir lúta sömu rekstrarlegu rökvísinni og fyrirtæki – eru í raun orðnir að sjálfsverufyrirtækjum sem leitast í auknum mæli við að hámarka eigið fé og rekstrarhagnað. Maðurinn rekur sig sjálfur og er því kannski að því leyti frjáls, en hann er alls staðar í heimagerðum hlekkjum.<sup>61</sup>

Þessi fyrirtækjavæðing sjálfsverunnar er sérlega áberandi þegar litið er til viðhorfa fólks í dag til menntunar og reksturs menntastofnana. Þegar umræðu um skólagjöld ber á góma mæla margir með upptöku slíkra gjalda á þeirri forsendu að einstaklingnum beri að *fjár festa í eigin framtíð*, og því séu skólagjöld ekki aðeins réttlæt看leg heldur *æskileg* þar sem þau virka sem hvati til árangurs – fólki vilji augljóslega ekki sóa peningum, það rekur jú sjálft sig eins og fyrirtæki. Andmæli margra þeirra sem ekki vilja taka upp skólagjöld svipta síðan endanlega hulunni af því hve gegnsýrt samfélagið er orðið af markaðsstýringu sjálfsverunnar: Menntun er ekki fjárfesting einstaklingsins, segir fólk, hún er *fjárfesting samfélagsins*. Hvað sem öðru líður er menntun nú varningur sem gengur kaupum og sölum, svo kirfilega hefur

<sup>60</sup> Sjá Hardt og Negri 2000:195-197

<sup>61</sup> Sjá Hjörleif Finnsson 2003:183-184

markaðsstýringin nú búið um sig á öllum sviðum mannlífsins. En það er ekki eðlismunur á fjárfestingu samfélags og einstaklings heldur aðeins stigsmunur; gróðavonin er sú sama í báðum tilvikum. Oft virðist þó sem andmælendur skólagjalda séu *í raun og veru* á móti þeim, þ.e. í öllum grundvallaratriðum á móti því að greitt sé fyrir menntun, en því miður virðast þeir ekki geta umflúið orðræðu nýfrjálshyggjunnar og þann hugtakaramma sem hún býður. Þeir lifa á hinu peningamettaða sviði, engu síður en þeir sem styðja markaðsvæðinguna.

Máttur stýringarsamfélagsins grundvallast þannig á ögun sjálfsverunnar sjálfrar. Sannfæring sjálfsverunnar um eigið frelsi er forsenda þessarar stýringar og lífpólítísk framleiðsla markaðarins gengur að miklu leyti út á að viðhalda og styrkja ímyndina um frelsi einstaklingsins og sjálfstjórn. Þessi manngerð eftirnútímans er einmitt sú sem Deleuze kallaði stakling: Mörk sjálfsemdar hans og samfélagsins hafa rofnað, hann er sú gerandi sjálfsvera sem markaðurinn framleiðir og innstu þrár hans og langanir lúta rökvísi kapítalískrar framleiðslu stýringarsamfélagsins.<sup>62</sup> Staklingurinn er ekki aðeins fylgifiskur Veldisins heldur á sama tíma forsenda og mikilvægasti farvegur valds þess. Með tilkomu þessarar nýju manngerðar eftirnútímans er markaðsstýringunni nú kleift að síast algjörlega inn í meðvitund og líkama einstaklinganna, eins og Hardt og Negri segja. Hinn frjálsi einstaklingur er þannig forsenda þess að kapítalískir framleiðsluhættir taki yfir framleiðslu á lífinu sjálfu og öllu því sem mannlegt getur talist.

---

<sup>62</sup> Sjá Hjörleif Finnsson 2006:136

## 5. Mergðin gegn Veldinu

Gilles Deleuze fer ekki í graf götur með það í „Eftirmála um stýringarsamfélög“ að í drottunarkerfi stýringarinnar hafi valdið tekið á sig margslungnari mynd en áður og beinist í auknum mæli að því að skipuleggja hvernig fólk lifir lífinu. Í slíku samfélagi eru átökin á milli þess sem kúgar fólk og frelsar öllu ógreinilegri en áður þekktist og þannig erfiðara fyrir almenning að átta sig á valdbeitingunni og sporna við henni. Í útfærslu Hardts og Negris á framgangi Veldisins verður enn ljósara hve sterkum tökum lífvald stýringarsamfélagsins hefur náð á öllum sviðum lífsins; hvernig framleiðsluhættirnir sem því fylgja hafa lagt undir sig þroska og sköpun manneskjunnar, hvernig valdið hefur síast inn í huga okkar og líkama, innstu þrjár okkar og langanir þannig að við verðum blind á það sem kúgar okkur og stýrir. Því gæti virst sem lítið svigrúm til andófs við valdboð og til frelsunar fyrirfinnist í Veldinu – raunin er þó önnur. Líkt og Deleuze hvetur til þess að leitað sé nýrra vopna í baráttunni við valdboðið telja Hardt og Negri að í Veldinu sjálfu búi nýir möguleikar til frelsunar mannfjöldans. Þrátt fyrir allt verðum við að taka nýja skrímslið fram yfir það gamla rétt eins og Marx hélt því fram að kapítalisminn væri ákjósanlegri en auðmagnsskipulag fyrri tíma. Í báðum tilfellum hafa möguleikar á frelsun undan valdboði nefnilega aukist, fullyrða Hardt og Negri, þannig að nú stöndum við í raun sterkari að vígi en nokkru sinni áður.<sup>63</sup> En hvað er það í þessari alltumlykjandi yfirráðavél sem getur orðið okkur til frelsunar? Hvaða krafta getur mannfjöldinn virkjað sér til fulltingis, og getum við á endanum komist út úr Veldinu?

### 5.1 Valdavél í kreppu

Hardt og Negri telja greiningu sína á hinni nýju heimsskipan afhjúpa möguleika okkar á öðrum valkostum á skipan hnattrænna skipta með því að grafa undan þeirri hugmynd að núverandi valdakerfi sé á einhvern hátt hið náttúrulega, nauðsynlega ástand. Kapítalisminn virðist nú greypur í stein og hið kapítalíska markaðsskerfi gefur sig út fyrir að vera endastöðin sem við verðum að sætta okkur við – endalokum sögunnar er þannig náð og ekkert nýtt skrímsli nokkurs staðar í sjónmáli. En þetta er blekking, fullyrða Hardt og Negri.<sup>64</sup> Þótt kapítalísmanum hafi tekist að síast inn í vitund okkar er hann samt á engan hátt hið nauðsynlega ástand og engin ástæða til að sætta sig

---

<sup>63</sup> Sjá Hardt og Negri 2000:43, 60

<sup>64</sup> Sjá sama rit, 48



hljóðalaust við það hrokafulla kyn sem nú drottinnar yfir okkur, eins og Deleuze orðaði það.<sup>65</sup>

Á tímum ögunarstofnananna spruttu verkalyðsfélög fram sem andóf verkalyðsins gegn valdbeitingu en þau börðust fyrir bættum aðstæðum verkafólks og hærri launum; þau voru tilraun þess tíma til að auka frelsi fólks og sjálfræði. Um skeið tókst ögunarvaldinu að halda andófinu í skefjum og finna því farveg innan stofnanakerfisins en á ákveðnum tímamarki varð frelissprá verkalyðsins ögunarvaldinu yfirsterkari og það missti hald sitt á stjórnartaumunum. Kreppa innilokunarstaðanna er tilkomin af þessari valdabaráttu og óhjákvæmilegt hrun þeirra sömuleiðis. Veldi eftirnútímans er engu síður í kreppuástandi um þessar mundir heldur en ögunarstofnanir nútímans voru á sínum tíma, fullyrða Hardt og Negri. Aðstæðurnar sem gerðu framgang þess mögulegan og styrktu það í sessi eru þær sömu og verða því að falli. Regla og friður eru megingildin sem Veldið hampar og virðist stefna að en kapitalismi þrífst á útpenslu og sæi því fram á endalok sín ef regla og friður kæmust á í heiminum – þess vegna getur Veldið ekki annað en hafið ný átök, ný stríð, um leið og öðrum lýkur. Kreppuástandið er þannig algjörlega innbyggt í Veldið – *það er fætt í líki kreppu* – og fall þess jafn óhjákvæmilegt og hrun innilokunarstaðanna.<sup>66</sup>

## 5.2. Mergðin – nýr veruleiki

Samkvæmt Hardt og Negri eru kreppa og fall Veldisins beintengd sjálfsveruframleiðslunni sem einkennir póstmóðernískt samfélag. Hin nýja sjálfsvera er framleiðandi eigin lífs, eins og komið hefur fram: Hún á að vera frjáls, hún á að velja og hún á að skapa sig sjálf, og þótt við vitum að oft felst allt þetta aðallega í því að ákveða í hvaða varning peningum skuli eytt er sterk frelissprá engu að síður að verki í grunni tilveru hennar. Þessi nýja tegund sjálfsverunnar var forsenda framgangs Veldisins frá upphafi, það var hún sem kallaði fram nýja heimsskipan með baráttu sinni gegn valdbeitingu ögunarsamfélagsins.<sup>67</sup>

Samansafn þessara framleiðandi, skapandi sjálfsvera er það sem Hardt og Negri kalla *mergðina*. Einingin sem mergðin myndar er ekki sambærileg við alþjóðasamfélag eða önnur einingaröfl sem byggjast á landamærum og þjóðerni, heldur grundvallast hún á sameiginlegum þörfum og þrám mergðarinnar. Hún er nýr *veruleiki*; samansafn allra þeirra sem á einhvern hátt eru arðrændir og undirokaðir, fastir innan hins

<sup>65</sup> Deleuze 2002:161

<sup>66</sup> Sjá Hardt og Negri 2000:20, 60, 386

<sup>67</sup> Sjá sama rit, 43

peningamettaða lífs stýringarsamfélagsins. Hún er ný mynd pólitísku afls sem stendur í milliliðalausri valdabaráttu við Veldið, hún er jákvætt og skapandi afl.<sup>68</sup> Kraftur mergðarinnar býr í því að vinnuafli hennar er uppspretta kapítalsins og þannig valds Veldisins, enda er það hún sem drífur áfram öll efnahagsleg og félagsleg skipti með framleiðandi aflu sínu og sköpun. Hún deilir sameiginlegri reynslu af því að framleiða og endurframleiða. Þótt Veldið virðist frá ákveðnu sjónarhorni ríkja algjörlega yfir mergðinni, kemur í ljós að þegar litið er til raunverulegs innihalds er það ekkert annað en tóm vél sem þrífst á sköpun og framleiðslu mergðarinnar eins og vampíra sem sýgur blóð hinna lifandi.<sup>69</sup> Veldið þykist í krafti eyðingarmáttar síns vera drottari heimsins, en það er blekking – í raun er það mergðin sem ríkir yfir heiminum með því að framleiða og endurframleiða lífið allt af sjálfri sér og halda þannig hjólum valdaveðlarinnar gangandi.<sup>70</sup>

Nú er svo komið að Veldið getur ekki lengur agað aflið sem býr í mergðinni, aðeins reynt að stýra henni með því að bregðast við hruni innilokunarstaðanna á sem frjósamastan hátt. Fast gengi vikur fyrir fljótandi, einfalt launakerfi verksmiðjanna fyrir flóknum og árangurstengdum greiðslum, hefðbundin skólaganga fyrir símenntun og endurmenntun og svo framvegis, eins og Deleuze greindi. Hardt og Negri benda ennfremur á að valdbeiting og stýring fari nú að miklu leyti fram í gegnum flókin samskiptanet og þótt mergðin upplifi valdið á eigin skinni getur hún ekki greint staðsetningu þess og lögun – það er alls staðar og hvergi, og ómögulegt að fela sig fyrir því.<sup>71</sup> En er frelsisþrá mergðarinnar, sem braut innilokunarstaðina á bak aftur, enn jafn taumlaus? Getur framleiðandi vinnuafli sem deilir aðeins því að vera kúgað af kapítalísmannum fundið farveg fyrir frelsisbaráttu sem hrífur á Veldið, úr því að óljóst er hvort verkalýðsbaráttan getur gegnt sínu hlutverki áfram þegar ögunarstofnanirnar sem hún barðist gegn eru tvístraðar? Verkefni mergðarinnar er að átta sig á eigin getu til andófs. Hún þarf að skilgreina óvininn sem hún ætlar að berjast gegn, með hvaða vopnum hún ætlar að gera það og finna leiðir til að verða sjálfráða, pólitískt afl sem getur grafið undan Veldinu og byggt nýjan heim, gagn-Veldi.

---

<sup>68</sup> Sjá sama rit, 393-394

<sup>69</sup> Sjá sama rit, 62, 208, 217

<sup>70</sup> Sjá sama rit, 388

<sup>71</sup> Sjá sama rit, 211

### 5.3 Baráttan um lífið

Í hnattvæðingu félags- og efnahagslegra tengsla leynast möguleikar. Hardt og Negri benda á að ýmsir vilji berjast gegn hnattvæðingunni, líti á hana sem óvin og leitist við að beina kröftum sínum í staðbundið andóf. Þessar aðferðir skila ekki árangri, samkvæmt Hardt og Negri, og tilheyra frekar gerð ögunarsamfélagsins þar sem enn mátti skilgreina ytra valdboð til að berjast gegn. Hnattvæðing tengsla í sjálfri sér er nefnilega ekki af hinu illa, heldur aðeins sú mynd hnattvæðingarinnar sem tilheyrir Veldinu og færir því ótakmörkuð yfirráð yfir lífi og limum mergðarinnar. Við eigum að taka hnattvæðingunni sjálfri fagnandi og beisla hana til okkar eigin andófs því að í raun og veru er hún sjálf, að því leyti sem hún afsvæðir og brýtur niður innilokunarstaði ögunarsamfélagsins, opnar rými og brýtur niður landamæri, forsenda frelsunar mergðarinnar.<sup>72</sup> Svar mergðarinnar við staðleysu valdsins er *að vera á móti alls staðar* og beita vopnum Veldisins gegn því sjálfu, virkja farvegi þess til eigin andófs og baráttu, að byggja í staðleysunni nýjan stað til að lifa á. Við þurfum að skapa andspænis hinu hnattræna Veldi annan hnattrænan valkost.

Eitt af því sem kapítalíska heimsvaldaveilin treystir á en getur einnig orðið mikilvægasta vopnið í höndunum á mergðinni er hreyfanleiki vinnuafls og fólksflutningar, sem aukast sífellt og ekkert virðist geta haldið í skefjum. Kapítalískri framleiðslu er gjarnan viðhaldið af flæði ódýrs vinnuafls frá fátækari ríkjum til hinna ríkari, en samt reyna þjóðríkin og valdabákn eins og Evrópusambandið að stjórna fólksflutningunum og innflytjendum mætir gjarnan harðneskjuleg og lítt mannsæmandi tilvera. Engu að síður hætta hundruð og þúsundir manna lífinu ár hvert við að flýja yfir landamæri og sigla á hrörlegum bátum á milli heimsálfa án þess að vita nokkuð hvað tekur við – *til hvers?* Vegna þess að þrátt fyrir allt hefur hnattvæðingin sáð óslökkvandi þrá eftir frelsi og betra lífi í hug og hjarta hinnar skapandi, framleiðandi sjálfsveru. Og þessi þrá er sú forsenda sem gerir mergðinni fært að verða pólitískt hreyfiafl.<sup>73</sup>

Þó er eftir að skilja hvernig mergðin getur virkjað þrjár sínar og sameiginlega reynslu af því að lifa við kapítalíska framleiðsluhætti til að berjast af fullum krafti gegn Veldinu og vísa leiðina í átt að nýju, hnattrænu skipulagi. Hvers eðlis er sú barátta sem mergðin getur nýtt sér til að tjá þrjár sínar og þarfir? Hardt og Negri segjast þegar sjá móta fyrir baráttu sem ber vott um það að mergðin hafi áttað sig á óvininum og til sé að verða ný tegund samstöðu gegn honum.

---

<sup>72</sup> Sjá sama rit, 44-45, 52

<sup>73</sup> Sjá sama rit, 212, 400

Það er hin nýja, hnattræna mynd fullveldis sem er óvinur mergðarinnar; hin pólitíska sjálfsvera Veldisins sem eilíflega misnotar og kúgar og gerir úr mergðinni sundraðan mannfjölda í stöðugri samkeppni um lífsgæði. Hún rífur niður samstöðu og samkennd og gerir einstaklingana að hlýðnum staklingum sem trúa í einlægri blindni á eigið frelsi og sjálfræði. Hver þarfnast verkalýðsbaráttu, og hver þarf að finna til samstöðu með öðrum þegar hið langþráða einstaklingsfrelsi er loks í höfn og ekkert annað að hafast að en að lifa til hins ýtrasta? Hardt og Negri telja að barátta mergðarinnar og þær byltingar sem hafa átt sér stað frá því á seinni hluta tuttugustu aldar séu til marks um að blindan gagnvart stýringaröflunum sé ef til vill ekki svo alger sem virst gæti. Þeir nefna meðal annars baráttu stúdenta á Torgi hins himneska friðar árið 1989, uppreisnirnar í Los Angeles árið 1992 og verkföllin sem lömuðu Frakkland árið 1995 og fullyrða að þótt þessar uppreisnir tengist í sjálfu sér ekki beint og virðist eiga sér stað óháð hver annarri, beinist þær í raun allar gegn hnattvæðingu kapítalískra yferráða og nýfrjálshyggju, það er þær beinast milliliðalaust gegn stýrikerfi Veldisins. Í dag gætum við til dæmis bætt byltingunni og frelisisþránni sem nú skekur Arabaheiminn við þennan lista – og jafnvel búsáholdabyltingunni á Íslandi í kjölfar efnahagshrunsins. Allar þessar uppreisnir rífa niður hefðbundin mörk á milli pólitískrar, efnahagslegrar og menningarlegrar baráttu – þær eru *lífþólitísk barátta* um það hvernig manneskjan á að vera og hvernig lífinu er lifað, og þannig nothæft vopn gegn yferráðavél sem tekið hefur hið lífþólitíska samhengi í sína þjónustu. Þær eru hnattrænt andóf sem ræðst gegn hjarta Veldisins. Þannig hefur samruni hins pólitíska, félagslega og efnahagslega undir einn valdahatt raunar afhjúpað lífþólitískt rými þar sem þrjár mergðarinnar geta fundið sér farveg. Með því að átta sig á þessum sameiginlegu þrám og finna þeim farveg í uppreisn getur mergðin þannig orðið hið pólitíska afl sem veitir Veldinu náðarhöggið.<sup>74</sup>

---

<sup>74</sup> Sjá sama rit, 52-56

## 6. Lokaorð

Á tímum iðnvæðingar og fordískra framleiðsluhátta nútímans var maðurinn fastur innan ögunarstofnana samfélagsins. Ögunarstofnanirnar – fjölskyldan, verksmiðjan, skólinn – voru lokuð kerfi þar sem stigveldi valds var skýrt og maðurinn skynjaði valdið sem utanaðkomandi afl. Með innreið eftirnútímans á seinni hluta tuttugustu aldar óx hnattvæðingunni ásmegin og henni fylgdi upplausn hefðbundinna marka og landamæra, bæði félagslegra, pólitískra og efnahagslegra. Hrikta tók í stoðum ögunarstofnananna, og eru þær nú að hruni komnar. Nýtt valdmið tók við af öguninni; afmiðjuð og afsvæðandi yferráðavél Veldisins. Veldið er lífpólitískt í eðli sínu, það beitir valdi sem samhæfir félagslegt líf innanfrá, gleypir það í sig, „sporðrennir einstaklingunum algjörlega inn í taktbundin slög framleiðslunnar“ og nær þannig áður óþekktum árangri í stýringu á lífi hvers manns.<sup>75</sup>

Kapítalískir framleiðsluhættir hafa lagt undir sig og sameinað undir einn hatt öll efnahagsleg skipti, alla pólitík, öll félagsleg tengsl, menningu og samskipti. Yfirþjóðleg stórfyrirtæki hafa tekið við af þjóðríkjum nútímans sem handhafar fullveldis og áhrifa þeirra gætir um allan heim og á öllum sviðum menningar og félagslegra tengsla. Kapítalísmanum hefur raunar tekist að gera lögmál markaðarins að lögmálum samfélagsins og lífsins þannig að maðurinn er orðinn að rekstrareiningu, gróðasæknum framleiðanda eigin sjálfs í heimi þar sem öllu máli skiptir að skila hagnaði. Valdið hefur tekið á sig nýja og öllu ógreinilegri mynd og beinist nú ekki að því að halda mannum innilokuðum, heldur þvert á móti að opna honum allar dyr og sannfæra hann um að hvernig sem á dynur sé hann þó engu að síður *frjáls*, frjáls til að velja úr því sem markaðurinn býður honum – og hvað gæti mann þá vanhagað um?

Það sem maðurinn í eftirnútímanum þarf að átta sig á, er að yferráðavél Veldisins er rekin áfram af trú einstaklingsins á eigið frelsi og sjálfræði, en frelsið sem kapítalísminn býður er skilyrt og skorðað af valdi auðmagnsins. Ekki einu sinni þrár og langanir einstaklingsins standa utan hins peningamettaða sviðs – og svo er okkur sagt að kapítalísminn og lífvaldið séu endastöðin; heimsskipanin sem við verðum héðan í frá að sætta okkur við. Er það blekking, eða kaldranalegur veruleiki?

Við þurfum ekki að lifa á milli vonar og ótta og sætta okkur við undirokun nýja skrímslisins. Í sameiginlegu hlutskipti mergðarinnar liggur ríkidæmi hennar og getan til að rísa upp af staðfestu sem pólitískt, meðvitað afl gegn kúgunarvaldi Veldisins –

---

<sup>75</sup> Sjá Hardt og Negri 2003:157

andspænis sjálfráða, samstilltu afli mergðarinnar bliknar veldi kapítalismans og tímabundnu yfirráðaskeiði þess lýkur. Möguleikinn á frelsun undan kapítalinu og annars konar tilveru í nýjum heimi er til staðar og ef til vill er þegar farið að glitta í vísi að uppreisnum og byltingum sem leitt geta veginn í átt að gagn-Veldi, veldi mergðarinnar. Frelsinhreyfing eftirnútímans þarf að staðsetja sig innan hins hnattræna, lífpólítíska veruleika og berjast innan frá fyrir því að fá frelsisþrá sinni fullnægt, hún þarf að átta sig á því að hinar framleiðandi sjálfsverur eftirnútímans eru innihaldið og krafturinn í samfélaginu, og beita svo vopnum Veldisins gegn því sjálfu til að byggja upp nýjan veruleika.

## Heimildaskrá

Deleuze, Gilles. 2002. Eftirmáli um stýringarsamfélög. Garðar Baldvinsson þýddi. *Ritið* 1:155-162.

Deleuze, Gilles og Félix Guattari. 2002. Rísóm. *Heimspeki verðandinnar. Rísóm, sífjar og innrætt siðfræði. Atvik 7*, bls. 15-58. Hjörleifur Finnsson þýddi. Ritstj. Geir Svansson. ReykjavíkurAkademían, Reykjavík.

Hardt, Michael og Antonio Negri. 2000. *Empire*. Harvard University Press, London og Cambridge.

Hardt, Michael og Antonio Negri. 2003. Lífpólítísk framleiðsla – ásamt formála að *Veldinu*. Viðar Þorsteinsson þýddi. *Hugur* 15:150-173.

Hjörleifur Finnsson. 2003. Af nýju lífvaldi. Líftækni, nýfrjálshyggja og lífsiðfræði. *Hugur* 15:174-196.

Hjörleifur Finnsson. 2006. Ótti á tímum öryggis. Öryggisneysla og áhættustjórnun í eftirnútímanum. *Hugur* 18:132-154.

